

## Svar

### umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um villidýralög og sjávarspendýr.

1. *Hvaða ástæða er fyrir því að frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum var fellt niður á endurskoðaðri þingmálaskrá yfirstandandi þings? Hvenær má vænta þess að ráðherra leggi frumvarpið fram?*

Fyrirhugað var að frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum yrði lagt fram á vorþingi 2023. Vinna við breytingar á frumvarpinu dróst hins vegar og þegar ljóst var að það yrði ekki fullunnið fyrir framlagningarfrést vorþings var ákveðið að fella það af þingmálaskrá. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði á þingmálaskrá næsta vetrar.

2. *Hvaða samtal hefur átt sér stað á milli ráðuneyta um flutning málefna sjávarspendýra frá matvælaráðuneytinu yfir til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá því að ráðherra svaraði fyrirspurn þess efnis á 152. löggjafarþingi (þskj. 1130, 662. mál)?*

Ekki hefur farið fram samtal á milli ráðuneyta um flutning málefna sjávarspendýra frá matvælaráðuneytinu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að málefni sjávarspendýra verði færð undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum?*

Ráðherra hefur ekki áform um að beita sér fyrir því að málefni sjávarspendýra verði færð undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.